

Alþingi
Erindi nr. P 140/2049
komudagur 6.5.2012

Ég vil benda á að svæðisskipulag Suðurnesja hefur verið samþykkt í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum og hefur verið sent í auglýsingu. Svæðisskipulagið hefur verið í vinnslu síðan 2008 og hef ég verið fulltrúi Sveitarfélagsins Voga frá upphafi. Allir aðilar sem hafa skipulagsvald á Suðurnesjum eiga fulltrúa í samvinnunefndinni.

Í svæðisskipulaginu birtist sameiginlega stefna sveitarstjórna á Suðurnesjum um mikilvæg hagsmunamál s.s. verndun landsvæða og orkunýtingu.

Í ljósi þeirra varnaðarorða sem koma fram í svæðisskipulagi Suðurnesja, ónógrar rannsókna og óvissu sem fram hefur komið í rannsóknum orkustofnunar legg ég til að Revkianesið í heild fari í **biðflokk en að Eldvörp, Sandfell og Sveifluháls** á innan svæðisins verði **sett í verndarflokk**.

Samkvæmt sameiginlegri stefnumótun sveitarfélaganna sem birtist í svæðisskipulaginu kemur fram skýr vilji sveitarstarstjórnarmanna á Suðurnesjum að allra varúðar sé gætt við nýtingu svæðisins en þar segir m.a.

*Vegna náttúruverndargildis háhitasvæða þarf að **fara með gát við nýtingu jarðhitans og setja reglur við nýtingu** sé hún talin hafa óásættanleg áhrif á verndar- og/eða útivistargildi háhitasvæða. Skipulagning og stofnun jarðvangs (e. geopark) er leið að því markmiði að tekið sé markvisst á annarri nýtingu og náttúruvernd samhliða nýtingu jarðhita og annarra auðlinda á Suðurnesjum. **Umfang orkuvinnslu, útfærsla mannvirkja og reglur verða skilgreindar þegar ítarlegri upplýsingar liggja fyrir.***

***Öll háhitasvæði á Suðurnesjum eru staðsett innan náttúruverndarsvæða.** Nýting háhitasvæða til orkuframleiðslu hefur áhrif á verndargildi þeirra. Þau áhrif felast m.a. í áskýndarbreytingum vegna rasks og mannvirkja, beinum og óbeinum áhrifum á jarðmyndanir og vistkerfi, hávaða og breytingar á loftgæðum.*

***Nýting jarðhita til orkuframleiðslu hefur einnig áhrif á jarðhitaauðlindina með þrýstings- og vatnsborðslækkun í jarðhitageyminum.** Auk virkjana og borana er nauðsynlegt að byggja flutningskerfi fyrir rafmagn, sem getur haft bein og óbein áhrif á umhverfið.*

Jónas Ketilsson verkefnisstjóri jarðhitanýtingar hjá Orkustofnun kom á fund Samvinnunefndarinnar um svæðisskipulag 18. október 2010. Í máli hans kom fram að í rannsóknum Orkustofnunar kæmi fram óvissa um hve mikla orku megi fá úr svæðinu og víða væri **óraunhæft að ná þeirri orku sem áætlanir gera ráð fyrir**. Frekari rannsóknir þyrftu að fara fram á háhitasvæðum á Reykjaneskaganum áður en sagt er fyrir um hve mikið svæðið þolir með tilliti til sjálfbærrar orkunýtingar og orkuvinnslu. Í máli hans kom m.a fram að margt bendi til að **Eldvörp séu nú þegar fullnýtt, í Sandfelli sé líklega stór hluti kaldur og Krísuvíkursvæðið og Sveifluháls sé það flókið og margbrotið svæði að fyrirliggjandi rannsóknir gæti ekki gefið fullnægjandi mynd af möguleikum svæðisins.**

Þingmál númer 727. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.
Sendandi: Inga Sigrún Atladóttir Sent 5. maí 2012.

Samkvæmt svæðisskipulaginu er ljóst að það er vilji sveitarfélaganna á Suðurnesjum að ítarlegar upplýsingar og áætlanir liggi fyrir áður en ráðist er í frekari nýtingu á háhitasvæðum á Reykjanesi. Ljóst er að þær rannsóknir liggja ekki fyrir og heildaryfirlit á sérstöðu og getu svæðisins er ekki til staðar. **Vegna þessarar óvissu og áherslu sveitarfélaganna á sjálfbæra orkuvinnslu á svæðinu er ljóst að ekki er tímabært að setja Reykjanesið í nýtingarflokk eins og rammaáætlun gerir ráð fyrir.**

Inga Sigrún Atladóttir bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Vogum.